

Limrur og ljóð

■ ■ ■ Védís Skarphéðinsdóttir

Einn mikilvirkasti penni í *Læknablaðinu* á fyrstu tveimur áratugunum var Steingrímur Matthíasson læknir á Akureyri sonur Þjóðskáldsins Jochumssonar. Hann ritar um hvaðeina, læknisfræði og meinsemdir ýmsar, heilsufar í sínu héraði, ferðir á læknaþing í Evrópu og útmálar þau skemmtilega, lýsir bæði mönnum og mál-efnum og því sem fyrir augu ber almennt. Í júlíblaðinu 1926 (blaðsíðum 103-4) segist honum svo frá ferð sinni til Bologna þá um vorið og lækninum Schiazzí:

En þar á eftir sýndi hann okkur trepanations-verkfæri sem hann hefir látið smíða, verkfæri þetta vinnur tvent í senn, sker holdið og sagar beinið í nokkrum rykkjum. Tók hann fyrst gamalt cranium og sýndi hve vel trepanöggin beit. En meira sagði hann þó að marka, ef um haus væri að ræða, þar sem svörður og hold fylgdi. Komu þá tveir aðstoðarmenn með stórt trog og settu á borðið. Dúkur hvítur var yfir troginu. Schiazzí svifti af þeirri blæju. Þar lágu tvö mannhöfuð afskorin, og lygndu hálfopnum brostnum augum hvort til annars. Mér dattu í hug vísuorðin Gröndals: „afskorið var sem yndisblóm, auðarlíns höfuð líkt og hjóm, og blóðgað beittum knífi“ - að eins var sá munurinn, að hér voru höfuðin tvö og bæði skeggjuð mannhöfuð.

Seinna í sama blaði er birt brot úr bréfi frá honum þar sem fram kemur íslensk þýðing á latneskri vísu sem Steingrímur er töm, ekki síst í ljósi þess að almenningur hyllist til þess að trúa skottulæknum og handanheimaráðgjöfum í læknisfræðilegum efnunum.

Eg citeraði einu sinni í blaði í fyrra vísuna:

*Fingunt se medicos: quivis idiota, sacerdos,
Judeus, monachus, histrio, rasor, anus.*

Eg stakk upp á því, að góðir hagrýðingar vildu snara vísunni á íslensku. Eg fékk tvær þýðingar. Aðra frá Friðþjófi Berg verksmiðjustjóra á Akureyri, svohljóðandi:

*Gjöríst læknir glópurinn,
hver guðsorðsþjónn og munkurinn,
hermikrákan, hárskerinn,
og hrukkótt, vesöl kerlingin.*

Hin þýðingin var eftir Sigmund Sigurðsson úrsmið á Akureyri, þannig:

*Fæst við lækning, fábjáninn,
framur Júði, klerkurinn,
hermikráka, kerlingin,
klostursmunkur, rakarinn.*

Mér finst hálfgerð synd að vísu-greyin tynist og sting upp á því, að þú hýsir þær í *Læknablaðinu* þegar einhverntíma þarf að fylla litla eyðu.

Með því að leikurinn hefur borist norður yfir heiðar og mál að ljúka þessari síðu greip ég til þess ráðs að fá Hjálmar Freysteinsson lækni á Akureyri til að senda blaðinu sínar nýjustu limrur, og það gerði hann góðfúslega.

Þær eru sérstakar að því leyti að vandaðra heimilda er getið svo jaðrar við vísindi!

Að öðru leyti hefðbundnar að formi og efni.

Kristján í Hæli átti kú,
kostagripur var sú.
Svo missti hann trúna,
fór að tilbiðja kúna.
Ég las þetta í *Byggðir og bú*.*

* Fullu nafni heitir bókin *Byggðir og bú* í Suður-Þingeyjarsýslu.

Ósköp er mannhjartað meyr,
á misjöfnum slóðum er keyrt.
Skapti í Þúfum
er skotinn í dúfum,
sá ég í *Séð og heyrt*.

Sóknarbörn mátu það mest
við Markús Laufdælaprest,
hann var natinn við róna
en reyndi ekki að tóna,
samkvæmt heimildum *Heima er best*.

Lengi styr hafði staðið
við Stefni sem nennti ekki í baðið,
neitaði að þvo
sér og þornaði svo
að hann lést - segir *Læknablaðið*.

